

# Sáttamiðlaraskólinn

## Spurningar til lokaprófs

**Gert er ráð fyrir 15 mín próftíma á hvern nemanda. Prófið verður munnlegt og hver nemandi dregur númer sem samsvarar spurningunum hér að neðan. Ekki er gert ráð fyrir undirbúningstíma né að nemendur styðjist við gögn í prófinu.**

1. Hvað er sáttamiðlun? Fjallaðu um mikilvægi þess að sýna hlutleysi í sáttamiðlun.
2. Fjallið um það hvaða þættir það eru sem sáttamiðlari skoðar þegar hann metur hvort sáttamiðlun sé rétta úrræðið til þess að leysa úr ágreiningi eða deilu aðila?
3. Hvað er ferlismiðuð sáttamiðlun og hvað er ráðgefandi sáttamiðlun? Hvað einkennir hvora nálgun fyrir sig. Hverjir eru kostir og gallar þess að nota þessar nálganir?
4. Fjallið um notkun spurningatækni í sáttamiðlun. Hvaða þætti þarf sáttamiðlari að hafa í huga til að koma með góðar spurningar í sáttamiðlun? Hver eru lykilatriði í spurningatækni sem sáttamiðlari þarf að vera meðvitaður um?
5. Hvað er sáttamiðlun og fjallið um kosti og galla sáttamiðlunar í samanburði við önnur úrræði við lausn deilumála?
6. Hvað er sáttamiðlun? Fjallið um og ræðið rök með og á móti valkvæðri og skyldubundinni sáttamiðlun.
7. Hvað er sáttamiðlun? Fjallið sérstaklega um undirbúning í sáttamiðlunarferlinu. Hvaða atriði þarf sáttamiðlari að hafa í huga við undirbúning sáttamiðlunar?
8. Hvað er sáttamiðlun og fjallið um kosti og galla þess að nýta sáttamiðlun í eftirfarandi aðstæðum:

- Fjölskyldumál
- Fasteignamál
- Vinnustaðadeilur
- Sáttamiðlun með unglíngum
- Sáttamiðlun með eldra fólki

9. Fjallið um sáttamiðlunarákvæði í samningum. Hverjir eru helstu kostir þess að innleiða sáttamiðlunarákvæði í samninga og hvað ber að varast í þeim efnum? Hvernig breytir slíkt ákvæði upphafi og aðdraganda sáttamiðlunar?

10. Hvað er sáttamiðlun? Fjallið um notkun eintals í sáttamiðlun. Hvaða atriði þarf sáttamiðlari að hafa sérstaklega í huga?

11. Hver eru fjögur skref í lausnamiðaðri samningatækni og hvernig nýtast þau sáttamiðlara?

12. Hver eru verkfæri sáttamiðlara og hvernig getur hann nýtt þau?